

Rannsóknaráætlun fyrir menningu og ferðaþjónustu á Íslandi

2012-2020

Í *Sóknaráætlun 20/20* fyrir Ísland er ferðaþjónustan nefnd í öllum landshlutum sem lykill að uppbyggingu til framtíðar. Til undirbúnings þeirri framtíð þarf að byggja upp traustan grunn til að styðja við frekari þróun. Er sú áætlun sem hér er tekin saman að neðan, ein þriggja er varðar áherslur í þekkingaruppbyggingu fyrir ferðaþjónustu. Þessi snýr að samspili menningar og ferðaþjónustu og hvaða þekkingu er þörf fyrir á þeim vettvangi. Hinar fjalla um ferðamennsku og umhverfi og um hagræn áhrif ferðaþjónustu. Heildarsýn og skipulag í rannsóknum fyrir atvinnugreinina skortir, en eins og er starfar fjöldi ólíkra einstaklinga innan ýmissa fræðasviða háskóla, stofnanna og fyrirtækja að rannsóknum sem snerta ferðamál. Áætlanirnar þrjár hafa það markmið að samhæfa rannsóknir og skapa yfirsýn með því að byggja upp net samvinnu og samstarfs milli hinna ólíku fræðasviða og stofnanna.

INNGANGUR

Ferðalög eru án efa einn sterkasti menningarstraumur samtímans og hefur ferðaþjónusta og ferðamennska mjög mótandi áhrif á menningu og samfélög áfangastaða. Vöxtur ferðaþjónustu og ferðamennsku er gífurlegur á Íslandi og meiri en gerist í öðrum nálægum löndum. Rannsóknir á ferðamálum¹ eru á frumstigi hérlandis og er því afar brýnt að öðlast yfirsýn, þekkingu og skilning á tengslum ferðamála og menningar með langtíma rannsóknáætlun.

Ferðaþjónusta á Íslandi hefur vaxið mjög ört sem helst má merkja af fjölda gesta til landsins. Frá 1990 hefur sá fjöldi vaxið um 7,4% á milli ára og milli 2010 og 2011 og aftur 2011 til 2012 var um nærri 20% fjölgun að ræða. Samhliða þessum mikla vexti ferðaþjónustu má merkja að greinin fór að huga að fjölbreyttari stöðum inn á við og að byggja vöruþróun, sem byggði ekki aðeins á náttúru landsins. Almennt má segja að þá hafi verið farið að huga að því sem nefnt er í heild „menningartengd ferðaþjónusta“. Áherslurnar innan hennar ná allt frá sögum Þjóðveldisaldar til næturlífs í Reykjavík. Hvað varðar rannsóknir á menningu og ferðaþjónustu er sagt í þeirri opinberu stefnu sem mörkuð var þar að lútandi (Samgönguráðuneytið, 2001) að;

yrði hér að talsverðu leyti um að ræða grunnrannsóknir á nýju sviði almennra rannsókna, þar sem viðfangsefnið yrði nútímamenning og menningararfur, hlutverk menningarstarfsemi í samfélaginu, kynning á menningu og tengsl kynningarstarfsemi við skapandi listir (bls. 55).

Ennfremur er þar að finna áherslu á samþættingu menningarmála, ferðamála og markaðsrannsókna, en þessir þrjú þættir mynda grunninn að áherslum þeim sem kynntar verða hér að neðan.

¹ Hugtakið ferðamál er hér notað sem samheiti yfir ferðaþjónustu, þ.e. starfssemi þeirra sem þjónusta ferðafólk og ferðamennsku, þ.e. athafnir einstaklinga sem ferðast..

Þessi nýlega stoð íslenskrar ferðaþjónustu, vex nú til hliðar við aðdráttarafl náttúru. Við vitum að flestir koma enn til að upplifa hana, en í gegnum tíðina hafa gestir einnig sótt landið heim til að fara um slóðir Íslendingasagna. Sá arfur hefur vissulega orðið mörgu athafnaskáldi samtímans yrkisefni, en mörg fyrirtæki í ferðaþjónustu eru farin að byggjast upp kringum söfn, setur og sýningar um að því er virðist allt milli heima og geima. Þessi söfn og setur spretta upp um allt land. Hvað er verið að sýna þar og hvernig verið er að setja menningu þjóðarinnar á svið og með hvaða afleiðingum fyrir sjálfsmynd fólks í landinu vitum við lítið um. Þegar markaðssetningarátakið Inspired by Iceland var sett í gang var aðeins rætt um hvort það myndi virka eða ekki, það er hvort til landsins kæmi fleira fólk og hvernig hægt væri að komast að því. Lítið fór fyrir umræðu um hvaða mynd var verið að draga upp af Íslendingum og okkar eigin túlkun þar á. Samhliða menningaráhrifum er vel þess virði að skoða áhrif ferðaþjónustu á samfélög, það er hvernig landið og einstök samfélög á landinu breytast í þágu væntinga um ferðaþjónustu, hvernig orðræðu um ferðaþjónustu hefur áhrif á ákvarðanatöku og svo einfaldlega hvort og þá hvernig heimamenn á einstökum stöðum vilji ferðafólk. Um þetta vitum við mest lítið.

MARKMIÐ

Þessi áætlun tekur til fjölbreyttra rannsókna sem lúta að menningu og ferðamálum á Íslandi. Markmið hennar er að efla rannsóknir með því að skýra og afmarka rannsóknarsviðið, skapa farveg fyrir samstarf ólíkra fræðasviða gegnum stofnun tengslanets einstaklinga og stofnanna og samþætta rannsóknir. Með eflingu rannsókna verða fræðin treyst í sessi og nýsköpun eflid í uppbyggingu ferðaþjónustu, forsendur fagmennsku treystar, gæðaviðmið þróuð og menntun eflid.

GILDI

Þessi rannsóknaráætlun styrkir fræði og framkvæmd með því að tengja saman rannsóknir og þarfir atvinnugreinarinnar.

Hún hefur gildi fyrir ferðamálafræðin með því að:

- samhæfa rannsóknaráherslur
- skapa aðgengi að þeirri þekkingu sem þegar hefur verið búin til
- nýta betur fjármagn og mannauð til rannsókna
- auka miðlun og dreifingu rannsókna niðurstaðna
- hvetja til frekari rannsókna
- þetta raðir þeirra sem stunda rannsóknir á menningu og ferðaþjónustu

Áætlunin hefur gildi fyrir atvinnugreinina með því að:

- auka við þekkingu á sviðum menningar og ferðaþjónustu
- skapa efnivið til vöruþróunar og stefnumótunar
- veita innsýn í málefni markaðssetningar og kynningar
- efla fagmennsku í markaðssetningu og miðlun menningar

- hvetja til bestu mögulegu vinnubragða við verndun, notkun og þróun menningarverðmæta
- þróa fagmennsku og skapa ný störf
- búa til samræðu vettvang ferðaþjónustu og ferðamálafræða

ÁHERSLUR OG LYKILRANNSÓKNIR

Til að ná markmiðum áætlunarinnar eru skilgreindar þrennar áherslur í rannsóknnum, en innan hvorrar eru nefnd brýn rannsóknarefni.

1. Áhrif ferðaþjónustu/ferðamennsku á menningu og samfélag.
 - Ímynd Íslands (þróun vöruheitis, e. *branding*)
 - Myndun, mótun og markaðssetning menningar og menningararfleiðar
 - Saga ferðaþjónustu á Íslandi
 - Samfélagsleg þölmörk – samfélagsleg sjálfbærni
 - Menningarleg áhrif ferðaþjónustu
 - Hugmyndir menningargeirans um hlutverk sitt í ferðaþjónustu
 - Væntingar og viðhorf Íslendinga til ferðafólks og þjónustu við það
 - Menning, ferðaþjónusta og byggðapróun
2. Framboð, nýsköpun og vöruþróun í menningar ferðaþjónusta á Íslandi:
 - Matur – handverk – söfn – fræðasetur – sögusýningar – hátíðir og viðburðir – tónlist – atvinnuvegasýningar – leiksýningar og listir.
 - Væntingar og tengsl menningastofnanna við ferðaþjónustu
 - Frumkvöðlastarf á sviði menningar og ferðaþjónustu
 - Vinnustaðamenning í íslenskri ferðaþjónustu
 - Gæðamál í markaðssetningu menningar
 - Sjálfbær notkun menningar og menningararfs
3. Viðhorf og upplifun ferðafólks
 - Væntingar og kröfur ferðafólks til menningar
 - Reynsla þeirra af upplifun og neyslu menningar
 - Ferðahegðun – neysla ferðafólks á menningu
 - Túlkun og upplifun á menningarverðmætum
 - Túlkun og upplifun á markaðssetningu menningar
 - Hugmyndir um menningu áfangastaðar
 - Tengsl væntinga og upplifana

UMSJÓN OG SKIPULAG

Rannsóknamiðstöð ferðamála hýsir og hefur umsjón með áætluninni með ráðningu sérstaks verkefnisstjóra sem henni sinnir. Mun rannsóknamiðstöðin halda utan um upplýsingar og útgefið efni í samvinnu við gagnamiðstöð Ferðamálastofu og hefur umsjón með bókhaldi og fjárreiðum áætlunarinnar og rannsóknnum sem heyra beint undir setrið. Rannsóknamiðstöð ferðamála mun halda utan um og fjármagna þrjár meiriháttar

langtíma rannsóknir sem nauðsynlegar eru til að undirbyggja frekari rannsóknir skilgreindar í áherslum að ofan. Þar um ræðir:

- *Úttekt á menningar ferðaþjónustu á Íslandi*

Tilgangur þessarar rannsóknar felst í því að lista og gera grein fyrir þeirri menningar ferðaþjónustu sem er rekin á landinu, með hvað sniði hún er rekin, hverjir koma þar að og hvernig. Einnig er mikilvægt að gera sér grein fyrir væntingum ferðaþjónustu aðila og framtíðaráformum.

Lokið á fyrstu þremur árum áætlunar

- *Rannsókn á áhrifum uppbyggingar menningar ferðaþjónustu á völdum stöðum – vöktun eldri kannanna og nýjar nálganir*

Tilgangur þessarar rannsóknar felst í sérstakri skoðun á hlutverki menningar í ferðaþjónustu þar sem reynt verður að velja staði þar sem einhver vinna hefur þegar átt sér stað. Er markmiðið að reyna að átta sig á þróun menningar ferðaþjónustu og hvernig hún skapar sér sess í uppbyggingu á staðnum.

Sjálfstæð rannsókn fyrir hvert ár

- *Vettvangsrannsóknir og greining á upplifun ferðafólks á menningu á völdum stöðum, samhliða úttekt sem nefnd er að ofan og brottfararkannanir.*

Tilgangur þessarar rannsóknar felst í að vinna frekar með valda staði af þeirri úttekt sem verður gerð og samhliða henni vinna með gesti á staðnum til að skilja hvernig þeir skynja og upplifa það sem í boði er. Þessi rannsókn yrði styrkt með spurningum sem komið væri inn í brottfararkönnun Ferðamálastofu á Leifsstöð.

Sjálfstæð rannsókn fyrir hvert ár

Rannsóknarhópar verða skipulagðir, sem eru öllum opnir sem sinna rannsóknum á ofangreindum áherslusviðum. Kjarni hvers hóps eru fulltrúar háskóla og fræðasetra sem eiga aðild að samstarfssamningi og hafa skrifað undir viljayfirlýsingu þar um. Hlutverk þeirra sem eru í kjarna hvers hóps er að laða að fræðafólk og nemendur, skipuleggja miðlun á efni rannsókna, miðla þeim og efna til frekara rannsóknarsamstarfs til framtíðar.

Allar niðurstöður rannsókna sem unnar verða samkvæmt þessari áætlun verða öllum opnar í gegnum stafrænan gagnagrunn. Rannsóknargögn einstakra rannsókna setursins verða rýndar af meðlimum tengslanetsins og munu einnig nýtast þeim til frekari rannsókna, eftir því sem siðfræði rannsókna bíður.

ÚTGÁFUR OG AFRAKSTUR

Til þess að treysta forsendur fagmenntunar og ráðgjafar í uppbyggingu ferðaþjónustu, þróun gæðaviðmiða, fræðimennsku og nýsköpunar í greininni verða eftirfarandi áherslur hvað varðar afrakstur:

- Útgáfa fræðigreina í íslenskum og erlendum fræðiritum
- Útgáfa rannsóknarskýrsla
- Ráðstefnur fyrir fræðafólk og ferðþjónustuaðila
- Samráð og samstarf við ferðþjónustuaðila um land allt
- Gerð kennsluefnis og handbóka
- Þróun gæðaviðmiða, s.s. staðla, gátlista og viðurkenningar
- Þróun námskeiða og námsbrauta í símenntun og formlegu námi

Rannsóknarsamstarfið verður einnig vettvangur fyrir fræðimenn og ferðþjónustuaðila til að skilgreina verkefni sem vinna þarf og nemendur á ýmsum háskólastigum gætu unnið.